

**3255. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
18. júní 2015 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrafulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **1501212 - Fundargerðir 2015 - menningar- og safnanefnd**  
Fundargerðir menningar- og safnanefndar nr. 14 frá 14. maí og nr. 15 frá 28. maí  
*Lagðar fram til kynningar.*
2. **1501219 - Fundargerðir 2015 - Samband ísl. sveitarfélaga**  
Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 828 frá 29. maí.  
*Lögð fram til kynningar.*
3. **1501217 - Fundargerðir 2015 - SSV**  
Fundargerðir stjórnar SSV nr. 115 frá 11. mars og nr. 116. frá 4. maí.  
*Lagðar fram til kynningar.*
4. **1410077 - Samgönguáætlun 2015 - 2018**  
Umsögn Akraneskaupstaðar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018.  
*Lögð fram til kynningar.*
5. **1506026 - Mat á umhverfisáhrifum - C flokkur**  
Erindi Skipulagsstofnunar um ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sem lúta að hlutverki sveitarstjórna við að taka ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda í C-flokki í 1. viðauka laganna.  
*Bæjarráð þakkar fyrir kynninguna og vísar málinu til skoðunar hjá skipulags- og umhverfisráði.*

*'OK RA'*

**6. 1506002 - Garðakaffi - rekstrarleyfi**

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn um beiðni Hofs Apartments ehf. um rekstrarleyfi veitingastaðar í flokki II, kaffihús, að Safnasvæðinu Görðum.

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

**7. 1506033 - Akranes Guesthouse Vogabraut 4 - rekstrarleyfi**

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn um beiðni Skagaverks ehf. um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, gistiheimili, sem reka á að Vogabraut 4.

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

**8. 1506076 - Gamla Kaupfélagið - endurnýjun á veitingaleyfi**

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn um beiðni GK veitinga ehf. um endurnýjun rekstrarleyfis veitingastaðar í flokki III, veitingahús, skemmtistaður að Kirkjubraut 11.

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

**9. 1506094 - Brunabótafélag - aðalfundarboð fulltrúaráðs**

Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands verður haldinn 23. september 2015.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. 1206151 - Laugafiskur - lyktarmengun**

Erindi íbúa vegna fyrirhugaðrar stækkunar Laugafisks lögð fram. Um er að ræða undirskriftarlista frá 28. maí síðastliðnum og erindi frá íbúum á Vesturgötu 40.

*Bæjarráð þakkar íbúum fyrir erindið og ábendingarnar. Bæjarráð felur bæjarstjóra að taka saman lista vegna kvartana sem borist hafa á árinu 2015.*

**11. 1505141 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2015**

Viðauki II við fjárhagsáætlun 2015 lagður fram til samþykktar. Andrés Ólafsson fjármálastjóri fer yfir viðaukann.

*Bæjarráð þakkar fjármálastjóra fyrir greinargóða yfirferð.  
Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.*

*'OK RA'*

**12. 1505155 - Lopapeysan 2015 - leiga á skemmu og beiðni um lengri opnunartíma**

Erindi Vina hallarinnar ehf. um leigu á gulu skemmunni og beiðni um lengri opnunartíma vegna Lopapeysunnar 2015.

*Bæjarráð samþykkir lengri opnunartíma til kl. 04:00 aðfararnótt sunnudagsins 5. júlí n.k. Ennfremur samþykkir bæjarráð að veita Vinum Hallarinnar afnot af gulu skemmunni við Faxabraut 10 dagana 26. júní til 4. júlí. Bæjarstjóra er falið að ganga frá málinu.*

**13. 1506042 - Skógræktarfélag Íslands - gróðursetning í tilefni afmælis Vigdísar Finnbogadóttur sem forseta**

Hvatning Sambands íslenskra sveitarfélaga til allra sveitarfélaga til að standa sameiginlega með skógræktarfélögum landsins að gróðursetningu trjáplantna laugardaginn 27. júní n.k. til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur í tilefni að 35 ár eru liðin frá því að hún var kjörin í embætti forseta Íslands, fyrst kvenna í heiminum sem þjóðkjörinn forseti.

*Bæjarráð þakkar fyrir erindið og undirbúningur er þegar hafinn hjá garðyrkjustjóra Akraneskaupstaðar.*

**14. 1506082 - Knattspyrnufélag ÍA - styrkir 2015**

Erindi framkvæmdastjóra KFÍA er varðar styrkbeiðni fyrir trommusveitina á 11 leikjum ÍA í Pepsi deild karla.

*Bæjarráð samþykkir erindið kr. 165.000. Upphæðin verði tekin af liðnum 20830-4995, óviss útgjöld.*

**15. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016**

Drög að verk- og tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2016.

*Bæjarráð samþykkir verk- og tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2016.*

**16. 1406169 - Stillholt 21 - lóðamál**

Samkomulag Akraneskaupstaðar og Skagatorgs ehf. um frestun framkvæmda við byggingu fjölbýlishúss að Stillholti 21.

*Bæjarráð samþykkir frestun framkvæmda til 1. júní 2017.*

**17. 1411125 - Írskir dagar 2015**

Svar Úlfars Lúðvíkssonar lögreglustjóra á Vesturlandi við bréfi Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra lagt fram til kynningar. Í bréfi bæjarstjóra er formlega farið á leit við lögregluna á Vesturlandi að hugað verði að fyrirkomulagi löggæslu í tengslum við fjölskylduhátiðina Írskir dagar sem haldin verður á Akranesi helgina 2. -5. júlí án sérstakar gjaldtöku.

*Bæjarráð þakkar fyrir skjót viðbrögð við erindi Akraneskaupstaðar og fagnar ákvörðun lögreglustjórans á Vesturlandi um að krefja Akraneskaupstað ekki um sérstaka greiðslu á meðan hátíðarhöldin standa yfir.*

'OK RA'

**18. 1310065 - Byggðasafnið í Görðum - skipulagsskrá.**

Drög að endurnýjun skipulagsskrá fyrir Byggðasafnið í Görðum lagt fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir nýja skipulagsskrá Byggðasafnsins í Görðum en vekur athygli á að starfsemi safnsins er í heildarendurskoðun.*

**19. 1504147 - Ráðningar í leikskólum Akraneskaupstaðar**

Á fundi bæjarráðs þann 21. maí sl. var bæjarstjóra falið að skoða betur erindi fulltrúa í stjórn 3. deilda félags leikskólakennara og trúnaðarmönnum úr leikskólum Akraneskaupstaðar um ráðningar í leikskóla Akraneskaupstaðar. Fyrir liggur minnisblað fjármálastjóra um þau rekstrarlegu áhrif ef breyting verður á reglum um 75% takmörkun á ráðningum fagfólks í leikskólum bæjarins.

*Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins og felur bæjarstjóra að undirbúa sameiginlegan fund með skóla- og frístundaráði vegna fjárhagsáætlunarvinnu vegna ársins 2016 þar sem tillagan verði skoðuð nánar.*

**20. 1506105 - Írskir dagar 2015 - stöðugjald vegna söluvagna**

Reglur fyrir stöðuleyfi söluvagna á Írskum dögum.

*Bæjarráð samþykkir reglurnar.*

**21. 1506104 - Írskir dagar - reglur á tjaldsvæði í Kalmansvík**

Reglur fyrir tjaldsvæði á meðan fjölskylduhátiðin Írskir dagar stendur yfir ár hvert, lagðar fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir reglurnar.*

**22. 1504134 - Styrkir til íþróttá- og tómstundafélaga 2015**

Tillaga skóla- og frístundaráðs til bæjarráðs um afgreiðslu styrkja samtals kr. 10.900.000.

*Sigrún Inga Guðnadóttir víkur af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð samþykkir tillögu ráðsins. Úthlutun fyrir árið 2015 til íþróttá- og tómstundafélaga er eftirfarandi:*

Badmintonfélag Akraness kr. 508.042  
Björgunarfélag Akraness kr. 614.842  
Fimleikafélag Akraness kr. 1.777.885  
Golfklúbburinn Leynir kr. 554.521  
Hestamannafélagið Dreyri kr. 193.547  
Hnefaleikafélag Akraness kr. 354.213  
Karatefélag Akraness kr. 251.939  
Keilufélag Akraness kr. 221.297  
Knattspyrnufélag ÍA kr. 3.629.484  
Körfuknattleiksfélag Akraness kr. 462.974  
Skátafélag Akraness kr. 400.754  
Sundfélag Akraness kr. 1.647.455  
Vélhjólaíþróttafélag Akraness kr. 283.046

*OK RA*

**23. 1504111 - Reglur um barna- og unglingastarf / tómstundir á Akranesi 2008**

Erindi skóla- og frístundaráð þar sem lagt er til við bæjarráð að viðmiðunarreglurnar vegna styrkja til tómstunda- og íþróttafélaga á Akranesi verði endurskoðaðar haustið 2015.

Sjóðurinn er ætlaður tómstunda- og íþróttafélögum sem eru með virka iðkendur/páttakendur á aldrinum 3-18 ára og eru veittir árlega styrkir með það að markmiðið að halda uppi öflugu félags-, tómstunda- og íþróttastarfi fyrir börn og ungmenni á þessum aldri. Þær viðmiðunarreglur sem eru í gildi og tekið er mið af við úthlutun styrkja eru frá árinu 2008.

*Bæjarráð þakkar fyrir ábendinguna og felur skóla- og frístundasviði að undirbúa drög að nýjum úthlutunarreglum fyrir sjóðinn sem verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.*

**24. 1408142 - 100 ára kosningaráttur kvenna**

Tillaga bæjarstjóra um dagskrá vegna 19. júní ásamt kostnaðaráætlun.

*Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra. Upphæðin kr. 600.000 verði tekin af lið 20830-4995, óviss útgjöld.*

**25. 1310193 - FIMA - húsnæðismál**

Beiðni Fimleikafélags Akraness um afnot af Dalbraut 6 til 1. janúar 2016.

*Sigrún Inga Guðnadóttir víkur af fundi undir þessum lið.*


*Bæjarráð samþykkir erindið í góðri samvinnu við FEBAN.*

**26. 1411168 - Lóðir á Breið**

Viðræður hafa farið fram við Björgunarfélag Akraness og Slysavarnadeildina Líf um kaup á lóðum þeirra á Breið.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að leggja fram gagntilboð í samræmi við umræður á fundinum.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:02.**



The image contains five handwritten signatures in blue ink:

- Ingibjörg Valdimarsd.
- Sigrún Inga Guðnadóttir
- Margr. Guðbjartsd.
- Valdís Eystjórdóttir
- Ragna Ásvald. Þó. Hr
- Semar Adolynor